



Reykjavíkurborg

Umhverfis- og skipulagssvið

Reykjavík, 29. júní 2020

USK2020060124

Borgarráð

Öskjuhlíð. Perlufestin.

Óskað er eftir að borgarráð heimili umhverfis- og skipulagssviði að bjóða út framkvæmdir við 1. áfanga stígagerðar í Öskjuhlíð ásamt því að ljúka hönnun og hefja framkvæmdir vegna síðari áfanga.

Kostnaðaráætlun 2 vegna verkefna ársins 2020 er 120 m.kr.

Þar af eru 40 m.kr. hluti af áætlun Reykjavíkurborgar um að flýta fjárfestingarverkefnum með það að markmiði að veita viðspyrnu við atvinnuleysi af völdum COVID-19.

Greinargerð:

1. áfangi felst í því að gera stíg frá Flugvallarvegi sem tengist stígakerfi Öskjuhlíðar. Síðari áfangar eru stígar skv. vinningstillögu hönnunarsamkeppni frá 2013, sem kallast Perlufestin í Öskjuhlíð.

Kostnaðarstaður: 3106

Kostnaðaráætlun 2 vegna verkefna ársins 2020: 120 m.kr.

Framkvæmdir mynda stofn til gatnaleigu.

Ámundi Brynjólfsson,
skrifstofustjóri framkvæmda og viðhalds

Hjálagt:

- Yfirlitsmynd

- Öskjuhlíð. Hugmyndasamkeppni. Greinargerð með tillögu.

Yfirlitsmynd



ÖSKJUHLÍÐ - HUGMYNDASAMKEPPNI



Öskjuhlíð með Perluna á hákollinum er eitt helsta kennileiti Reykjavíkur og einstakt útivistarsvæði fyrir margra hluta sakir. Gæði Öskjuhlíðar felast í nálægð við miðborgina, skjóli og upplifunartækifærum skógarins, fræðslugildi náttúru- og búsetuminja, útsýni, nálægð við Fossvogskirkjugarð, strandsvæði Fossvogs með stofnstíg sem nær frá Ægisíðu að Elliðavatni. Aðliggjandi byggð og starfsemi svo sem grunn- og leikskólar, Háskólinn í Reykjavík, íþróttafélagið Valur, hótél, veitingastaðir og Perlan njóta góðs af nálægð við Öskjuhlíð. Áform um Náttúrufræðisafn í Perlunni bjóða upp á möguleika á einstöku samspili safnsins og útivistarsvæðisins.


Líta má á Perluna sjálfa sem forvitnilegan aðkomuhlut sem lent hefur á hábungu Öskjuhlíðar og dregur til sín athygli nær og fjær. Henni má einnig líkja við musterið á hæðinni þangað sem allir vilja komast og njóta dvalar og útsýnis yfir borgina, sundin blá og fjallahringinn.

Helstu annmarkar svæðisins eru óljósar tengingar við ytra umhverfi, erfitt aðgengi frá aðliggjandi íbúðarhverfum vegna umferðarþunga gatna og takmörkuð yfirsýn og aðgengi að innri svæðum Öskjuhlíðar. Bungulaga form Öskjuhlíðar er eins konar „andrymi“, þ.e. andstæðan við rými og felur í sér það viðfangsefni að ná saman svæðum sem snúa hvert í sína áttina.


Meginmarkmið tillögunnar er að tengja Öskjuhlíðina betur við umhverfi sitt og gera hana öruggari og aðgengilega öllum, jafnt íbúum nærliggjandi hverfa, hreyfihömluðum, ferðamönnum, skólabörnum, háskólastúdentum og fjölda fólks sem kemur lengra að til að njóta þessarar perlu við Perluna. Jafnframt að skilgreina auðratanlegt net stíga um, að og frá Öskjuhlíð og þræða saman á eina **festi** allar stórar og smáar **perlur** sem leynast í Öskjuhlíðinni.

Það liggur beint við að Perlan sem Náttúrufræðisafn með þeirri aðstöðu og þjónustu sem þar er að finna, sé aðalútgangspunktur við skipulag útivistarsvæðis í Öskjuhlíð. Hún er líka kjörið sjónrænt viðmið sem skilgreinir aðkomuleiðir, og innra flæði á útivistarsvæðinu og afstöðu svæða innbyrðis.


Hugmynd tillögunnar byggir annars vegar á skýrum **geislum** sem dregnir eru út í umhverfið frá miðpunkti Perlunnar og hins vegar á **perlufestinni**, greiðfærri, nánast láréttri hringleið sem þræðir saman allt það áhugaverða og fjölbreytta sem Öskjuhlíðin hefur upp á að bjóða. Geislunum er ætlað að skilgreina skýra tengingu svæðisins við umhverfi sitt og auðvela yfirsýn, eiginlega að lýsa leiðina um Öskjuhlíð. Sérstakir áherslustaðir eru á **stígamótum** sem myndast þar sem geislarnir þvera perlufestina annars vegar og stofnstíginn vestan Öskjuhlíðar hins vegar.



GEISLARNIR
- TENGING ÚT Í UMHVERFIÐ



INNRI SVÆÐI ÖSKJUHLÍÐAR
FJÖLBREYTT SVÆÐI TENGJAST SAMAN



HUGMYND TILLÖGUNNAR
SKÝRIR GEISLAR ÚT Í UMHVERFIÐ TENGJA
MIKILVÆGA STAÐI SAMAN
PERLUFESTIN ÞRÆÐIR SAMAN ÁHUGAVERÐA
STAÐI Í ÖSKJUHLÍÐINNI

Perlan er látin skjóta út **7 geislum** niður skógivaxna hlíðina, út í umhverfið og dregur fólk þannig til sín úr öllum áttum og lýsir í óeiginlegri merkingu leiðina upp í gegnum hæðina og skóginn.

Suðurgeislinn er meginás sem opnar sjónlínu úr hlíðinni niður að voginum og fer um hlíðina þar sem lengdarhallinn er minnstur. Hann tengir þannig á ótvíræðan hátt háhæðina við strandlengjuna og til að leggja áherslu á það, þá endar hann í útsýnispalli sem svífur út fyrir brún sjávarklettana og gefur möguleika á að skoða þessar merku friðlýstu jarðfræðiminjar frá alveg nýju sjónarhorni. Burðargálgi pallsins verður jafnframt kennileiti á strandstígnum sem vekur athygli á tengingunni upp að Perlu. Lengd ássins er u.þ.b. 750 metrar frá Perlu niður á stofnstíg og hæðarmunur á þessum kafla 45 metrar. Stígur öllum fær verður því tæplega 1000 metra langur og hlykkjast um ásinn með fjölbreytilegum áningar- og hvíldarpöllum.

Suðsuðvesturgeislinn er beinasta tengingin niður í baðströndina í Nauthólsvík og þar með í átt að framtíðarstígatengingu yfir á Kársnes í Kópavogi. Hann liggur að miklu leyti um núverandi stíg sem laga þarf á köflum m.t.t. til lengdarhalla.

Suðvesturgeislinn liggur um hlíðina þar sem hún er bröttust og skógurinn þéttastur og ævintýralekastur. Í hlíðarfætinum mætir hann tveimur öðrum meginásum, þ.e. aðkomuás Háskólans í Reykjavík og flugbrautarásnum sem liggur í stefnu rammaskípulags Vatnsmýrarinnar. Í skurðpunkti þessum er myndast kjörinn staður fyrir lítinn borgargarð með tjörn, votlendi og viðburðahvammi (amfi-leiksviði) á sólríkum og skjólgóðum stað og ekki síst í alfararleið útivistar- og háskólafélks. Lagt er til að **tröppustígur** verði lagður beint upp í gegnum skóginn í geislanum og brattinn þannig undirstrikaður. Hæðarmunur upp á 45 metra gefur möguleika á 250-300 þrepa tröppum sem myndu tvímælalaust fá hlutverk sem mikill **metorðastigi** sem býður upp á alls kyns áskoranir og styrktaræfingar. Hugmyndin er þó ekki að rjúfa skóginn í þessum ás, heldur munu krónur hávaxinna trjána slúta yfir hann og skapa honum sérstöðu.

Norðvesturgeislinn er samhverfuás Perlunnar m.t.t. aðalinngangs og aðkomusvæðis og vill svo skemmtilega til að vera nánast í sömu stefnu og meginlínur Vatnsmýrarskipulagsins. Geislinn liggur um núverandi malbikaðan stíg fram á brúnir tankagryfjanna við Keiluhöllina og tengir Öskjuhlíðina við stígakerfi miðborgar í átt að Vatnsmýri. Í tengslum við hann er helsta herminjasvæðið og ofurhugaleiksvæði í gömlu tankagryfjunum.




Norðurgeislinn teygir sig í átt að miðborginni og Skólavörðuholti.

Norðausturgeislinn varpar ljósi á mikilvæga tengingu við nærliggjandi íbúðarhverfi í Hlíðum og borgargötuna Lönguhlíð. Sýnt er fram á hvernig styrkja megi þessi tengsl með göngubrú yfir fyrirferðarmikinn Bústaðavegin.


Suðausturgeislinn út frá miðju bílastæðanna við Perluna skapar tengingu beint niður í friðsældina í Fossvogskirkjugarði og er jafnframt megintenging frá Náttúrufræðisafni niður á „perlufestina“, fræðslu- og upplifunarstíg Öskjuhlíðarinnar.

Perlufestinn er hringleið um efri hluta skógarins og hæðarinnar sem þræðir upp allar litlu og stóru perlurnar sem leynast í hlíðum Öskjuhlíðarinnar. Perlufestinn er þannig viðburða- og fræðslustígur með áningar- og upplýsingastöðum á völdum stöðum sem ýmist koma fram sem útvíkanir í stígnum, stínga sér út úr honum sem útsýnispallar út úr hlíðinni eða sem innskorin lítil útskot inn í hlíðina. Stígurinn er hugsaður steinsteyptur með hrjúfri áferð í skrikkjóttum formum sem laga sig að landslagi og víkkar og þrengist eftir aðstæðum og ástæðum. Stígurinn liggur að mestu eftir hæðarlínum og í nálægð við efstu sjávarmörk frá fyrri jarðsöguskeiðum.

Stígarnót eru allir staðir þar sem **geislarnir** þvera **perlufestina** og stofnstíginn við hlíðarfótinn. Þar eru eftir aðstæðum útvíkkaðir útsýnisstaðir, áningarstaðir og upplýsingaskilti með fróðleik og stígayfirliti. Þar færi vel á að nota tilsagað Öskjuhlíðargrágrýti sem auðkennisyfirborðsefni og smíðastál sem ryðgar í skilti og búnað.



NÝJAR STÚDENTAÍBÚÐIR
STEFNUR ÚR VATNSMÝRARSKIPULAGINU
OG GEISLARNIR FRÁ PERLUNNI MÓTA NÝJA
BYGGÐ



STÍGAKERFI
ÞRENNIS KONAR STÍGAKERFI ER AÐ
FINNA Í TILLÖGUNNI: TENGISTÍGAR,
PERLUFESTIN OG NÚVERANDI
SKÓGARSTÍGAR.



SNIÐ - ÚTSÝNISPALLUR VIÐ FOSSVOGSBAKKANA

Lögð er áhersla á að við umhirðu svæðisins verði gróðursamfélög þróuð í átt að **vistfræðilegum fjölbreytileika**. Sérstök áhersla er lögð á að þróa austurhluta skógarins að Fossvogskirkjugarði yfir í hæfilega gisinn **birkiskóg með stórum rjóðrum** þar sem blómgróður, víðikjarr og stök reynitré fá notið sín með tilheyrandi fuglalífi.

Útivistarsvæðið í Öskjuhlíð mun áfram einkennast af þeim gæðum sem í henni felast. Söguminjar verða verndaðar og gert hærra undir höfði með merkingum og fróðleiksskiltum. Með markvissu stígakerfi verður hægt að bjóða upp á betri og fjölbreyttari nýtingarmöguleika á milli svæði. Lögð er áhersla á opna engið vestan Perlunnar haldi sér sem slíkt. Það byggir að öllum líkum á elsta ræktaða túni í Reykjavík. Tankagryfjurnar má þróa áfram sem klifur- og ofurhugasvæði, skógurinn er vettvangur torfæruhjóla á afmörkuðum brautum. **Skógarstígarnir** halda sér og bjóða upp á óendanlega möguleika á mislögum leiðum um skóginn.

Gert er ráð fyrir byggingum **stúdentabúða** á flötu svæði á milli Nauthólsvegur og Öskjuhlíðar norðan við bílastæði HR. Ráðandi stefna úr Vatnsmýrarskipulaginu og geislarnir úr Öskjuhlíðinni eru látin móta byggingarmassa lágreistrar, þéttar byggðar sem mynda skjólgóð garðrymi, göngutengingar og opnanir í átt að Öskjuhlíð og þrengri glufur í átt að framtíðar Vatnsmýrarskipulagi.



EFNISNOTKUN FYRIR STÍGA, ÚTSÝNISPALLA, UPPLÝSINGASKILTI,
ÁNINGASTAÐI OG FLEIRA. Á RÆTUR SÍNAR AÐ REKJA ÚR HLÍÐINNI.